

„ÍSLAND“. Minnispeningurinn er úr silfri að 9/10 hlutum, 26,73 grömm að þyngd og er hann 38,1 mm í þvermál.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Forsætisráðuneytinu, 13. júní 2000.

Davíð Oddsson.

Kristján Andri Stefánsson.

5. júní 2000

Nr. 421

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgar-ráðs hefur verið ákveðið að banna innakstur vestur Áland frá Eyrarlandi og innakstur frá Álandi við innkeyrslu að Sjúkrahúsi Reykjavíkur við þyrlupall.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 5. júní 2000.

Böðvar Bragason.

5. júní 2000

Nr. 422

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Fljótshlíðarhreppi.

Frístundabyggð í landi Kirkjulækjarkots.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Fljótshlíðarhrepps, þann 20. október 1998, deiliskipulag frístundabyggðar í landi Kirkjulækjarkots, Fljótshlíðarhreppi. Samkvæmt deiliskipulaginu er gert ráð fyrir sjö sumarhúsalóðum í svokallaðri „Heimamýri“.

Deiliskipulagið hefur kynnt Skipulagsstofnun og hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Lambalækjar.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Fljótshlíðarhrepps, þann 26. ágúst 1998, breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Lambalækjar, Fljótshlíðarhreppi. Breytingin felst í því að lóðum er fjölgað úr einni í sex.

Deiliskipulagið hefur verið kynnt Skipulagsstofnun og hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Fljótshlíð, 5. júní 2000.

F.h. sveitarstjórnar Fljótshlíðarhrepps,

Kristinn Jónsson sveitarstjóri.